

26. júní 2022

Menningar-, íþróttar-, og tómstundaráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

og

Íþróttabandalag Reykjavíkur
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Erindi vegna mismunar á húsaleigustyrk Dansfélagsins Bíldshöfða og Dansfélags Reykjavíkur vegna 2022.

Frá Dansfélaginu Bíldshöfða

Berist til stjórnar ÍTR og ÍBR – afrit sent framkvæmdarstjóra ÍBR, formanni ÍBR og sviðstjóra ÍTR

Samkvæmt fundargerð ÍTR frá 23. maí 2022 þá er húsaleigustyrkur ÍBR til Dansfélagsins Bíldshöfða fyrir árið 2022 kr. 4.000.000. Húsaleigustyrkur til Dansfélags Reykjavíkur er kr. 6.925.000 fyrir árið 2022.

Þessi dansfélög eru í sambærilegum rekstri og því leitum við til stjórna ÍTR og ÍBR og óskum eftir að þessi mismunur verðir leiðréttur hið fyrsta fyrir núverandi ár og einnig fyrir árið 2021 þar sem fram kemur í fundargerð að styrkirnir hafi verið svipaðir undanfarin ár. Mismunur fyrir hvort ár er kr. 2.925.000 eða samtals kr. 5.850.000 fyrir 2021 og 2022.

Meðfylgjandi eru útprentanir af stundaskrá dansfélaganna fyrir vorönn 2022. Fyrir Dansfélagið Bíldshöfða af heimasíðu okkar www.dansa.is og fyrir Dansfélag Reykjavíkur af heimasíðu þeirra www.dansskoli.is/kara. Þar sést að í stundaskrá okkar eru 18 tímar í hverri viku og hjá Dansfélagi Reykjavíkur 10 tímar í hverri viku. Við hjá Dansfélaginu Bíldshöfða höfum lagt áherslu á barna- og unglingastarf en Dansfélag Reykjavíkur hefur einnig lagt áherslu á fullorðinshópa.

Framkvæmdarstjóri ÍBR vísar í iðkendafjölda, þátttökutölur og umfang stundatöflu í svari sínu til okkar varðandi fyrirspurn okkar til ÍTR sem var áframsend til framkvæmdarstjóra ÍBR (sjá meðfylgjandi). Ég hef skoðað þátttökutölur á keppnum á vegum DSÍ og á þessu ári erum við með 6.5 keppnispör á lokamóti DSÍ á móti 8.5 keppnispör hjá Dansfélagi Reykjavíkur. Á árinu 2021 (covid) vorum við með 7 keppnispör á móti 10 keppnispörum frá Dansfélagi Reykjavíkur. Opinberar iðkendatölur eru til fyrir dansfélögin og þar hallar á okkur þar sem við höfum starfsemi í nýju húsnæði í lok janúar 2020 og covid skall á í mars 2020. Það var erfitt fyrir alla að auka iðkendafjölda á þessum tíma en við reyndum samt að halda út metnaðarfullri stundatöflu fyrir börn og unglinga. Við teljum ekki sanngjarnt ef covid heimsfaraldurinn er notaður til þess að réttlæta umræddan mismun á húsaleigustyrkjum.

Fyrir utan starfsemina sem er í húsnæði okkar að Bíldshöfða 10, 110 Reykjavík þá erum við einnig með verkefni í nokkrum skólum í Reykjavík. Við höfum ekki skráð þá iðkendur í Felix/Sportablar þar sem við höfum einungis skráð þá iðkendur sem mæta í húsnæðið okkar að Bíldshöfða 10. Til dæmis fengum við styrk frá ÍSÍ og UMFÍ til þess að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í dansi. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Fellaskóla þar sem við vorum með 1. og 2. bekk einu sinni í viku í dansi síðasta vetur. Markmiðið er að halda áfram með þetta verkefni. Meðfylgjandi er útprentun af heimasíðu ÍSÍ.

Sagan

Dansfélagið Bíldshöfði hóf starfsemi árið 2007 og er því 15 ára um þessar mundir. Frá 2007 til lok árs 2016 var starfsemin í húsnæði að Bíldshöfða 18.

Vegna aukinna brunavarnakrafa sem húsnæðið bauð ekki upp á að hægt væri að verða við þá tókum við ákvörðun með hag iðkenda okkar í huga að flytja okkur úr því húsnæði og erum nú að Bíldshöfða 10, 110 Reykjavík.

Með fyrirfram þökk og von um góðar viðtökur,

Ragnar Sverrisson formaður

Dansfélagið Bíldshöfði

kt 430807-0210

Bíldshöfða 10

110 Reykjavík

www.dansa.is

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um styrki til dansíþróttar

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 25. apríl 2022 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

- Óskað er eftir upplýsingum um fjárhæðir styrkja borgarinnar til dansíþróttar á liðandi kjörtímabili.

Svar við lið 1

ÍTR

Styrkir Íþróttabandalags Reykjavíkur vegna 2022 og hefur verið svipað undanfarin ár.

Dansfélag Reykjavíkur 6.925.000.-

Dansfélagið Bíldshöfða 4.000.000.-

MOF – dansverkefni og danslistir, semantekt eins og eftirfarandi:

Menningar- og ferðamálasvið	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Reykjavík Dance Festival samstarfssamningur	3.000.000	4.000.000				7.000.000
Reykjavík Dance Festival - borgarhátíð			5.000.000	5.000.000	5.000.000	15.000.000
	3.000.000	4.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	22.000.000
% hlutfall af samstarfssamningum - borgarhátíðum	7%	10%	10%	10%	10%	
Styrkjapottur - dansverkefni og danslistir						0
Dansgarðurinn, félag - Mjóddamamma - skapandi vinnustofur		400.000				400.000
Erla Rut Mathiesen - Óður til Dansgólfs - Portrett		300.000				300.000
Rósa Ómarsdóttir - Ólgur		500.000				500.000
Ástrós Guðjónsdóttir - Carver - dansverk			750.000			750.000
Dansfélagið Lúxus - Demingur			750.000			750.000
Pars pro toto, áhugamannafélag - Dansverkefni með dönsurum			750.000			750.000
Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir - Jazzdans á Íslandi			57.581			57.581
Snæðis Lilja - Mót			500.000			500.000
Dans Brynju Péturs - Street dans einvígið				300.000		300.000
Klassíski listdansskólinn - Mjóddamamma				500.000		500.000
Sandra Sano Erlingsdóttir - Dans Afríka Barakan Festival	300.000				300.000	600.000
Sigríður Soffía Nielsdóttir - Til hamingju að vera mannleg					600.000	600.000
	300.000	1.200.000	2.807.581	800.000	900.000	6.007.581
% hlutfall af styrkjapotti	1%	2%	6%	1%	2%	2%
Samtök um danshús - Dansverkstæðið - sérst samningur	17.000.000	17.000.000	17.000.000	17.000.000	17.000.000	85.000.000
Heildarupphæð styrkja til dansverkefna og danslista	20.300.000	22.200.000	24.807.581	22.800.000	22.900.000	113.007.581

2. Hefur farið fram samtal á milli ríkis og sveitarfélaga vegna lagaumgjarðar hvernig standa skuli að styrkveitingum til einkaskóla í listdansi til lengri tíma?

Svar við lið 2

- a. Ekki vitað

3. Hvert er hlutfall styrkveitinga til dansíþróttar af heildarfjárhæð veittra styrkja Menningar- íþróttar og tómstundaráðs og hvernig er þeim útteilt?

Svar við lið 3

Menningar-íþróttar- og tómstundaráð hefur ekki styrkt dansíþróttir af sínum styrktarliði. Styrkveitingar til dansfélaga hafa farið í gegnum þjónustusamninginn við ÍBR, sbr. liður 1.

Vísað er í hjálagðar verklagsreglur

Virðingarfyllt,


Huld Ingimarsdóttir, starfandi sviðsstjóri MOF


Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR

Hjálagt:

Verklagsreglur um úthlutun styrkja á menningar- og ferðamálasviði.

DANSSKÓLINN BÍLDSHÖFÐA 10

8603995 | dansa@dansa.is | 2. hæð til hægri | gengið inn á milli Stillingar og Bílasölu Reykjavíkur | næg bílastæði merkt Stillingu

STUNDASKRÁ

STUNDASKRÁ VOR 2022

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
14.00 Tækniæf. Keppnish.	14.00 Tækniæf. Keppnish.	14.00 Tækniæf. Keppnish.	13.30 Tækniæf.
15.00 Tækniæf. Keppnish.	15.00 Tækniæf. Keppnish.	15.00 Tækniæf. Keppnish.	15.00 Tækniæf. Keppnish.
16.00 Tækniæf. Keppnish.	16.00 Tækniæf. Keppnish.	16.00 Tækniæf.	16.00 Tækniæf. Keppnish.
17.00 8-12 ára frh.	17.00 6-9 ára byrj./frh.	17.00 5-8 ára frh.	17.00 8-12 ára frh.
18.00 13-17 ára byrj./frh.	18.00 Keppnishópur Standard	18.00 Keppnishópur Standard	18.00 Keppnishópur Standard
19.00 Tækniæf. Keppnish.	19.00 Keppnishópur Latin	19.00 Keppnishópur Latin	19.00 Keppnishópur Latin

20.00 Tækni æf. Keppnish.	20.15 Pláss fyrir sérhóp	20.15 Pláss fyrir sérhóp	20.15 Pláss fyrir sérhóp
Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	
14.00 Tækniæf. Keppnish.	10.30 2-3 ára – Foreldrar og börn	10.00 Tækniæf. Keppnish.	
15.00 Tækniæf.	11.10 4-5 ára – Barnadansar	11.00 Tækniæf. Keppnish.	
16.00 Tækniæf.	12.00 5-8 ára frh.	12.00 Tækniæf. Keppnish.	
17.00 10-12 ára byrj.	13.00 6-9 ára byrj.	13.00 Tækniæf. Keppnish.	
18.00 Keppnishópur Standard	14.00 Tækniæf. Keppnish.	14.00 Tækniæf. Keppnish.	
19.00 Keppnishópur Latin	15.00 Tækniæf. Keppnish.	15.00 Tækniæf. Keppnish.	
	16.00 Tækniæf. Keppnish.	16.00 Tækniæf. Keppnish.	
	17.00 Tækniæf. Keppnish.	17.00 Tækniæf. Keppnish.	

Hjón með börn: Hjón 10%, fyrsta barn 10% og annað barn o. fl. 50%

Systkini: Fyrsta barn 10%, annað barn 10% og þriðja barn o. fl. 50%

Ef sótt eru tvö námskeið þá er veittur 25% afsláttur af ódýrara námskeiðinu.

Framhaldsskólar og háskólar 15%

Einkaklúbburinn 10%

Ýmis starfsmanna- og stéttarfélög 5-10%

Gjafabréf

Gjafabréfin eru tilvalin fyrir þau sem vilja gefa heilsuhvetjandi og skemmtilega gjöf. Endilega hafið samband við okkur svo við getum útfært þetta fyrir ykkur á skemmtilegan hátt.

STUNDARSKRÁ

STUNDARSKRÁ VORÖNN 2022

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR	SUNNUDAGUR
10 – 12						Kl. 10:00 – 10:40 Börn 3 – 4 ára Kl. 10:50 – 11:30 Börn 5 – 6 ára	

						Kl. 11:40 – 12:30 Börn 7 – 10 ára	
12 – 14							
16 – 18							
18 – 20	Kl. 18:30 – 19:30 Keppnishópur latín	Kl. 18:30 – 19:30 Keppnishópur ballroom	Kl. 18:00 – 19:30 Keppnishópur latín/ballroom	Kl. 18:30 – 20:00 Keppnishópur ballroom/latín			
20 – 22	Kl. 20:00 – 21:15 Fullorðnir byrjendur	Kl. 20:00 – 21:15 Fullorðnir framhald	Kl. 20:00 – 21:15 Fullorðnir framhald				

Við munum bæta við tímum, æfingum og viðburðum eins og þarf hverju sinni, endilega hafið samband við okkur ef þið hafið fyrirspurnir.

Um dansskólann

ISL (/) ENG (/default.aspx?pageid=d91b792c-da53-11e1-af80-005056864800)

Forsíða (/?pageid=28271dbb-da4e-11e1-af80-005056864800) : Frétt

19

„Börnum í íþróttum líður betur, þau sofa meira, eru hamingjusamari og gengur betur í námi" sagði Margrét Lilja Guðmundsdóttir



(/library/Myndir/Fraedslusvid/_MG_4026%20-%20Copy%20(1).JPG)29.05.2022

Málþing á vegum ÍSÍ og UMFÍ var haldið á dögunum á Hilton Nordica með yfirskriftinni „Vertu með! Aukin þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi“. Á dagskránni voru áhugaverð og gagnleg erindi.

„Mikilvægt er að efla þátttöku barna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi, enda ljóst að skipulagt starf er mikilvæg félagsleg og heilbrigðisleg forvörn" sagði Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra meðal annars þegar hann opnaði málþingið. Ásmundur fagnaði þessu framtaki íþróttahreyfingarinnar.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningum og kennari við íþróttadeild Háskólans í Reykjavík, fór yfir niðurstöður rannsókna „Ungt fólk“ sem lagðar eru fyrir grunnskólabörn einu sinni á ári. „Ekkert land í heiminum safnar og notar svona gögn," sagði Margrét og lagði áherslu á að íslenska forvarnarmódelið sé heimsfrægt og innleiðing á því sé að eiga sér stað víða um heim. Í fyrirlestrinum kom fram að helstu áhættuþættir í tengslum við vímuefnaneyslu barna og ungmenna sé jafningjahópurinn og óskipulagðar athafnir. Verndandi þættir væru skipulagt íþróttastarfi og tómstundastarfi og stuðningur foreldra. Sjötíu og fimm

prósent af vökutíma barna á Íslandi, væri frítími og þar af leiðandi mikilvægt að börn sæki skipulagða starfsemi í umsjón fullorðins fagaðila, og hangsi sé eytt út úr dagskránni. „Börnum í íþróttum líður betur, þau sofa meira, eru hamingjusamari og gengur betur í námi.“

Sjáanlegur munur er í dag, og hefur verið undanfarin ár, á þeim sem börnum sem koma frá heimilum þar sem eingöngu er töluð íslenska, samanborið við börn frá heimilum þar sem einungis önnur tungumál eru töluð. Þau síðarnefndu eru mun ólíklegri til að sækja skipulagt íþróttastarf. Margrét benti á að börnin séu mörg af austur-evrópskum uppruna eða frá spænskumælandi löndum, þar sem íþróttir hafi nánast ekkert forvarnargildi. „Börn af erlendum uppruna eru líklegri til að gegna frekari hlutverkum á heimili sínu en íslensku bómullarhoðrarnir okkar. Koma kannski frá menningarheimum þar sem meiri áhersla er lögð á það. Þá séu fjárhagsaðstæður líklegri til þess að hindra frístundaiðkun barna af erlendum uppruna.“

Næstur tók til máls Jóhannes Guðlaugsson, verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar Breiðholts en hann hefur að undanförnu stýrt verkefninu „Frístundir í Breiðholti“ þar sem markmiðið er að ná fram aukinni þátttöku, félagslegri virkni og samtvinnu íslenskuna inn í frístundastarfið. Jóhannes ræddi m.a. um að það væri lykilatriði í hans huga að standa vel að kynningarmálum. Bæði þurfi að ná til barna og foreldra, en einnig til annarra umsjónaraðila, svo sem kennara. Kennarar hafa aðstoðað við að koma auga á hvaða börn taka engan þátt í skipulögðu frístundastarfi. Í umræddu verkefni sinnir Jóhannes hlutverki frístundatengils. Hann veitir þannig aðstoð við skráningu, hlustar á óskir barna og ungmenna um frístundatilboð og tryggir tengingu við fólk af erlendum uppruna. „Það er ekki nóg að opna bara faðminn, við verðum að sækja þessa einstaklinga,“ sagði Jóhannes.

Svokallaðir sendiherrar Breiðholts, eru einstaklingar af erlendum uppruna sem Jóhannes hefur fengið til þess að brúa bilið milli kerfisins og innflytjenda. Einn af sendiherrunum María Sastre spænskumælandi eðlisfræðikennari í framhaldsskóla, útskýrði hlutverk sitt á málþinginu og sagði m.a. „Við erum innflytjendur sem getum talað íslensku. Við erum með gott tengslanet við aðra innflytjendur sem tala okkar móðurmál. Okkar hlutverk er að brúa bilið milli ólíkra þjóða og menningarheima í hverfinu,“ sagði hún.

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála í Reykjanesbæ kynnti verkefnið „Allir með!“ sem er samfélagsverkefnið og er ætlað að stuðla að jöfnum tækifærum barna til þess að tilheyra samfélaginu. Lagt er upp með að öll börn séu í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og að allir sem starfa með börnum vinni að vellíðan þeirra með skipulögðum hætti. Í máli Hilmu kom fram að hlutfall einstaklinga af erlendum uppruna er mjög hátt í Reykjanesbæ eða um fjórðungur íbúa.

Samtal við fulltrúa fjögurra félaga sem öll fengu styrk til að vinna sérstaklega að því að fjölga börnum af erlendum uppruna í íþróttastarfi var næst á dagskrá. Þessir aðilar voru Ragnar Sverrisson frá Dansfélaginu á Bíldshöfða, Dagný Finnbjörnsdóttir frá HSV, Kristín Þórðardóttir frá Sunddeild KR og Sarah Smiley frá Skautafélagi Akureyrar. Verkefnin voru mislangt komin, en áhugavert verður að sjá niðurstöðurnar í haust þegar þróunarverkefnunum lýkur.

Síðust á mælendaskrá var Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins. Sema kynnti fjölmeningarstefnu, sem miðar að því að koma í veg fyrir mismunun í fjölmeningarsamfélagi íþróttahreyfingarinnar. Fjölmeningarstefnan inniheldur inngang, yfirlýsingu, markmið, aðgerðir til að ná markmiðum og ábyrgð. Sema segir ábyrgðarhlutann mikilvægan því ólíklegt sé að breytingar verði ef enginn ber ábyrgð á þeim.

Með innleiðingu stefnunnar skuldbindi íþróttafélögin sig til að stuðla markvisst að þessum verkefnum og inngildingu barna af erlendum uppruna. Rétt hugtakanotkun skipti einnig miklu máli. Börn af erlendum uppruna sem taki þátt í íþróttastarfsemi þurfi að upplifa að þau séu velkomin, að þau séu virkir þátttakendur, tilheyri heild og upplifi öryggi. Afstaða félaganna þurfi að vera skýr varðandi það að líða ekki fordóma eða hatursorðræðu, ryðja þarf hidrunum úr vegi og auka þannig þátttöku barna af erlendum uppruna.

Málþinginu stýrði Markús Máni Mikaelson Maute. Málþingið var vel sótt og talsverður fjöldi fylgdist einnig með í streymi. Málþingið er aðgengilegt [hér](https://www.youtube.com/watch?v=OSIN8SI1xYk) (<https://www.youtube.com/watch?v=OSIN8SI1xYk>)

Myndir með frétt



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0513.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0584.JPG)




(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0713.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0600.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0711.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0686.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/_MG_4157.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/_MG_4136.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0676.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0814.JPG)



(/library/Myndir/Frettamyndir/Fraedslusvid/1E1A0848.JPG)

RE: Styrkir til dansfélaga.

Frímann Ari Ferdinandsson <frimann@ibr.is>

Wed 6/8/2022 10:44 AM

To: Dansfélagið Formaður <raggidans@hotmail.com>

Cc: Ómar Einarsson <omar.einarsson@reykjavik.is>

Sæll!

Ykkur er frjálst að senda erindi og ég geri ekki athugasemd við það.

Kveðja,

Frímann

From: raggidans@hotmail.com <raggidans@hotmail.com>**Sent:** 8. júní 2022 10:40**To:** Frímann Ari Ferdinandsson <frimann@ibr.is>**Cc:** Ómar Einarsson <omar.einarsson@reykjavik.is>**Subject:** Re: Styrkir til dansfélaga.

Sæll Frímann og takk fyrir þetta. Mér finnst þessi mismunur þess virði að senda bréf á stjórn ÍBR og ÍTR. Er það ekki í lagi ykkar vegna? Kær kveðja, Ragnar

On 7 Jun 2022, at 09:33, Frímann Ari Ferdinandsson <frimann@ibr.is> wrote:

Sæll Ragnar!

Í framhaldi af fyrirspurn til ÍTR varðandi styrki til dansfélaganna í Reykjavík.

Þegar þið dróguð ykkur út úr samstarfinu við Dansfélag Reykjavíkur þá var reiknaður á félagið styrkur út frá iðkendafjölda og umfangi stundatöflu. Síðan þá hefur verið bætt jafnt og þétt við styrkinn til ykkar. Á sama tíma hefur styrkur til DR lækkað. Miðað við núverandi þátttökutölur þá er það mat ÍBR og ÍTR að núverandi styrkur til DB sé í samræmi við það sem önnur sambærilega stór félög fá.

Kveðja,

Frímann

ÍBR